

27. fundur umhverfisnefndar haldinn 21.11.2018 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk 20.

Fundinn sátu Bryndís Eir Þorsteinsdóttir formaður, Pétur Reynisson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Thelma Rós Kristinsdóttir og Sigrún Árnadóttir. Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

DAGSKRÁ.

1. Íbúafundur um Skipulag Friðarstaðalands og þátttaka umhverfisnefndar í honum

Umhverfisnefnd og umhverfisfulltrúi lýsa sig reiðubúin til að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd samráðs um skipulag og uppbyggingu á Friðarstaðalandi á hvern þann hátt sem verður verkefninu til framdráttar. Fyrirhugaður er íbúafundur fyrri hluta desembermánaðar með sem skipulags og umhverfisfulltrúar skipuleggja. Verður þar farið yfir núverandi stöðu á svæðinu og gildandi aðalskipulag. Verður almenningi gefin kostur á að koma athugasemdum og hugmyndum sínum um framtíðarnýtingu svæðisins á framfæri á fundinum. Umhverfisnefnd hvetur bæjarbúa til að mæta en dagskrá, tíma- og staðsetning fundarins verður auglýst á heimasíðu bæjarins, samfélagsmiðlum sem og í öðrum fjölmiðlum.

2. Sjálfbærir dagar/Umhverfis blómin í Hveragerði júní 2019 – hver er staðan

Formaður umhverfisnefndar og umhverfisfulltrúi fóru yfir stöðu fyrirhugaðrar sýningar í Hveragerði júní 2019. Fengist hefur styrkur að upphæð 500.000.- kr frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands til að standa straum af kostnaði við sýninguna. Vinna er hafin en fer á fullt strax eftir áramót.

3. Endurnýjun á sviði í lystigarðinum við Fossaflöt

Bæjarstjórn hefur ákveðið að veita 2.500.000.- kr til endurnýjunar á sviði í Lystigarðinum við Fossaflöt. Umhverfisnefnd hvetur til þess að hönnunarlýsing verði gerð sem fyrst og í framhaldi verði hæfur hönnuður fenginn til að hanna nýtt svið sem verða megi til prýði fyrir garðinn og bæinn í heild.

4. Aukið aðdráttarafi lystigarðsins

Samhliða uppbyggingu nýs sviðs í lystigarðinum hvetur umhverfisnefnd til þess að hugað verði að frekari uppbyggingu í garðinum. Setja mætti upp leiktæki, grillaðstöðu og salerni svo eithvað sé nefnt. Einnig væri áhugavert að marka garðinum sérstöðu með listaverki eða öðru sérstöku aðdráttarafli sem væri gestum garðsins til ánægju og yndisauka. Til dæmis væri vísun í gömlu rafstöðina og þannig frumsögu bæjarins áhugaverð.


5. Fjárhagsáætlun 2019

Farið var yfir helstu verkefni umhverfisdeildar á árinu 2019. Stefnt er að því að fara í ýmis verkefni á árinu 2019, meðal annars í fráveitumálum og viðhaldi gatna. Var umhverfisfulltrúa falið í samstarfi við byggingafulltrúa að meta hvaða malbiksviðgerðir nauðsynlegt er að fara í á næsta ári.


6. Framtíðarsýn Hveragarðsins

Hveragarðurinn er einstakur á lands- og jafnvel heimsvísu og hvetur umhverfisnefnd til að hlúð verði að honum og vegur garðsins aukinn ef kostur er. Orka Náttúrunnar er með umfangsmikinn rekstur í jaðri garðsins þar sem fjarvarmaveita er starfrækt. Áhugi er á samstarfi um eflingu garðsins hjá fyrirtækinu í samstarfi við Hveragerðisbæ. Umhverfisnefnd hvetur til þess að mögulegt samstarf við Orku náttúrunnar um eflingu Hveragarðsins verði skoðað.

Fundargerð var samþykkt samhljóða og fundi slitið kl: 18.55



Bryndís Eir Þorsteinsdóttir




Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir



Sigrún Árnadóttir



Pétur Reynisson



Thelma Rós Kristinsdóttir



Höskuldur Þorbjarnarson

